

Kynröskun stúlkna. Hin nýja „móðursýki“ – birtist í Vísi 11. Ágúst 2020

Kyn er fjórþætt; eðliskyn eða kynferði (biological sex, gender, sexuality), sem ákvarðast af gerð kynfæra, sem oftast eru annað tveggja karlkyns eða kvenkyns. Örsjaldan fæðast börn með kynfæri beggja eða vísi að þeim (intersex). Kynvitund eða kynsömun (sexual identity, sexual identification) felur í sér skilning hvers og eins á eigin kyni, þ.e. venjulega, hvort um sé að ræða karl- eða kvenkyn (eða hvorugkyn). Kynvitund stuðlar að mótun kynhlutverka (sexual role, gender role) í samræmi við algengar væntingar og reglur þar um. Kynhneigð snýr að kynhvötinni (sexual need, sexual urge), þ.e. hvernig hver og einn kys að leysa girnd sína, njóta kynásta. Oftast er um gagnkynkynhneigð (heterosexual) að ræða, þ.e. kona kys að ástunda kynlíf með karli og öndvert. Stundum er fólk samkynhneigt (homosexual) eða tvíkynhneigt (bisexual).

Kynhneigð hefur í sögunnar rás verið með ýmsu móti. T.d. var samkynhneigð stunduð í Grikklandi hinu forna og þekkt meðal fjölmargra þjóðflokka. Kynhneigð skýrist tæpast nægilega fyrir en á áliðnu gelgjuskeiði eða snemma á fullorðinsárum. Kynhvötin er jafnan óstýrilát. Austurríski læknirinn og sálkönnuðurinn, Sigmund Freud (1856-1939), sagði ung börn ekki vera við eina fjölinna felld (polymorph perverse), hvað snerti munúð og unað. Hvort tveggja kynjanna nyti ásta með sama og gagnstæðu kyni. Hins vegar beindi uppeldi og siðboð kynnautninni í ákveðinn farveg. En þrátt fyrir þetta er kynhneigðin býsna óstöðug eins og sjá má, þegar kynin lifa einöngruð hvort frá öðru, t.d. í fangelsum. Þar er t.a.m. ekki óalgengt, að konur verði samkynhneigðar. Sumar taka meira að segja upp dæmigerða karlháttu og –hlutverk. En þegar heim er komið verða þær aftur gagnkynhneigðar með karli sínum (eða körlum).

Þekkt er kynröskun, kynvitundarbrenslun eða kynhverfa (transgender, transsexual, sexual dysphoria, gender dysphoria, gender identity disorder, genderqueer, cisgender), þ.e. efasemdir og óvissa um eigið kynferði, kynsætti. Um er að ræða nokkur tilbrigði. Vægara tilbrigði þessa er klæðnaðarskiptahneigð (cross-dressing), þ.e. sú þörf eða þrá að samsamast gagnstæðu kyni, að því marki að klæðast fötum þess og tileinka sér dæmigert látæði eða hátterni viðkomandi kyns. Oftast er um karlmenn að ræða, karldrottningar (drag queen), og stundum er röskunin hverful. Öllu afdrífari og alvarlegri er sú vitund, tilfinning eða sannfæring, að kynið sé rangt og öfugsnúið.

Slík sannfæring getur stuðlað að ásetningu um kynbreytingu eða kynskipti (transsexualism). Kynröskun hefur bæði hjá ungum og öldnum stundum verið tengd sjúkdómum eins og Klinefelters heilkenni (Klinefelter's syndrome), ýmsum tilbrigðum við geðveiki (psychosis) og geðklofa (schizophrenia). Kynröskun er skilgreind sem sjúkdómur í ICD (International Classification of Diseases). Kynþroskaröskun er vægari greining sömu grundvallarkynóvissu (sexual maturation disorder).

Kynskipti (sex reassignment surgery, sexual surgery, gender reassignment surgery, sex reassignment therapy, sex change) skyldi framkvæma að ítarlega athuguðu máli, því heilbrigð líffæri eru skemmd við aðgerðina og önnur gerð óstarfhæf, án þess að starfhæf kynfæri og kyntengd starfshæfni miðtaugakerfis hins óskaða kyns verði sköpuð. Kynvakagjöf veldur óafturkræfum breytingum. Karlkona verður ekki að eiginlegri konu, kvenkarl ekki að eiginlegum karli.

Þriðja kynið, samkyn, hvorugkyn eða hinsegin kyn, er þannig til orðið. Hugsanlega er endurskapað það kyn, sem getið er um í grískri goðafræði. Í Samdrykkju forngríska heimspekingsins, Platons, segir: „Í fyrsta lagi voru þrjú kynferði manna, ekki tvö, karlkyn og kvenkyn, eins og nú. Auk þessara var til hið þriðja kyn sem var samsett af hinum tveimur.“ (Þýðing: Eyjólfur Kjalar Emilsson.)

Fram að þessu hafa drengir og karlar aðallega þjáðst af kynröskun – jafnvel sex til níu sinnum oftar. En nú virðist hafa brotist út faraldur meðal unglingsstúlkna – jafnvel snemma á gelgjuskeiði - sem eru ónógar sjálfum sér, angistarfullar og daprar í bragði. Faraldurinn er í eðli sínu svipaður öðrum sálsýkisfaraldri, t.d. sjálfsmeiðingum og lystarstoli. Þróunin er uggvænleg. Í bók sinni, „Óafturkræft tjón: Dætur okkar eru dregnar á talar í kynskiptabryjalæði,“ (Irreversible damage: The transgender Craze Seducing Our Daughters) bendir norður-ameríska blaðamaðurinn, Abigail Shrier, m.a. á, að í Stóra-Bretlandi hafi slíkum aðferðum hafi fjölgað um rúm 4000% milli ára 2016 og 2017. Svo virðist sem þróunin sé svipuð í heimalandi hennar. Abigail kallar fyrirbærið „tímabundna móðursýki.“

Ungu stúlkurnar gera sér í hugarlund, að kynskipti muni bæta heilsu þeirra og geð. Hvað veldur? Höfundur segir: „Á líðandi stundu er fórnarlambsskilningur eftirsóknarverður meðal unglinga. Þetta er einasti valkostur hvíttra unglingsstúlkna, svo margar þeirra velja hann.“ Abigail bendir einnig á, að það eigi sér stað „markviss innræting kynjahugmyndafræði í skólum. Því sé stöðugt haldið að unglíngunum, að kyn þeirra gæti verið rangt. ... Í stað þess að kenna börnunum eru þau endurgerð.“

Ótilgreindar þýðingar eru höfundar.